

Almennt um stærri mót sem flokkarnir fara á

1. Það þarf að skipa foreldra í mótsnefndir sem sjá um undirbúning mótaferðanna. Algengur fjöldi í þessum mótanefndum hjá öðrum félögum hafa verið 3-7 (fer eftir stærð og umfangi). Flokksráðsmenn þurfa ekki að sitja í þessum nefndum enda er nauðsynlegt að dreifa vinnu við umsjón flokkana á sem flesta aðila. Mótanefnd og flokksráð verða þó að hafa gott samráð sín á milli.

2. Mikilvægt er að tryggja að fararstjórn sé almennilega mönnuð. Fararstjórnar hugsa um börnin allan sólarhringinn á meðan á mótunum stendur og er það heilmikil vinna. Í yngri flokkunum hafa yfirleitt verið 2 fararstjórnar á lið (8.-5.flokkur) .

Þar sem vinna fararstjóra er mikil er nauðsynlegt að sjá til þess að þeir fái eitt fríkvöld á meðan á mótinu stendur (á við lengri mótin). Sjá þarf til þess að foreldrar sem eru á staðnum leysi fararstjórana af. Það þarf að vera búið að ganga frá þessu áður en komið er á mótið.

Mótanefndin sér um að finna fararstjóra og það þarf að gera í tíma.

Finna þarf einn yfirfararstjóra sem kemur til með að mæta á fundi á meðan á mótinu stendur og hefur yfirumsjón með fararstjórninni.

3. Skipa þarf í matarnefnd. Á sumum þessara móta er ekki innifalinn hádegismatur og ekki kaffi. Starf matarnefndar felst í því að ákveða hvað eigi að borða í hádeginu og yfir daginn og sjá um innkaup. Matarnefndin sér einnig um að skipa foreldra sem eru á staðnum í að skiptast á að sjá um hádegismatinn og einnig að smyrja nesti fyrir daginn.

Fararstjórnar sjá síðan um að útdeila nestinu yfir daginn og gefa keppendum hressingu á kvöldin.

Hver keppandi getur mætt með kex eða kökubox sem sett er í púkk. Þetta er síðan notað í kvöldhressingunni.

Mótanefndin sér um að skipuð sé matarnefnd.

4. Sundferðir. Yfirleitt er boðið uppá sundferðir í tengslum við mótin. Foreldrar á staðnum þurfa að skiptast á að fara með í sundferðirnar. Fararstjórar ættu ekki að þurfa að taka þátt í sundferðunum. Mótanefndin þarf að vera búin að ganga frá því hverjir fari með hvaða lið í sund áður en lagt er af stað í ferðina.

5. Útbúa þarf minnislista bæði fyrir fararstjóra og foreldra um það sem taka þarf með í keppnisferðirnar.

6. Mikilvægt er að þjálfarar og fararstjórar hittist áður en farið er á mótin. Það þarf að samræma reglur þannig að allir hlíti sömu reglum á meðan á mótinu stendur.

7. Muna þarf eftir félagsfána BÍ88 á þessi mót.

9. Áður en farið er á mótin þarf að athuga hvort einhverjir foreldrar hafi aðgang að þvottvélum á mótsstað. Ef mjög blautt er í veðri er nauðsynlegt að komast í þvottavél og þurrkara. Aðstæður til þess á keppnisstöðum eru mjög mismunandi og því gæti þurft að hafa vaðið fyrir neðan sig og tryggja þá þjónustu áður en haldið er af stað.